

LÖG**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Írafell í
Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði, eyðijörðina Írafell fyrir það verð sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG**um sjúkraliða.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands eða öðrum skóla hér á landi er heilbrigðisráðuneytið viðurkennir.

Einnig má veita þeim leyfi sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Sjúkraliðafélags Íslands.

3. gr.

Óheimilt er að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. þessum lögum.

4. gr.

Sjúkraliða ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

5. gr.

Sjúkraliðar skulu aðeins starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings.

6. gr.

Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

7. gr.

Ef sjúkraliði vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis skal landlæknir áminna hann. Komi áminningin ekki að haldi leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að hlutaðeigandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

Nú hefur sjúkraliði verið sviptur starfsleyfi samkvæmt 1. málsg. og er þá ráðherra heimilt að veita honum leyfið aftur, enda liggja fyrir meðmæli landlæknis.

8. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 8. gr. hjúkrunarлага, nr. 8/1974, að öðru leyti en þar sem kveðið er á um nám sjúkraliða.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 113 29. desember 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 31 27. apríl 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna falli niður og breytist röð annarra greina til samræmis við það.

2. gr.

5. gr. laganna, sem verður 4. gr., breytist og orðist svo:
Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð að minnsta kosti fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara er kosnir skulu á sama hátt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.